

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Heimspeki**

# **Anarkismi og lýðræði**

*Getur anarkisminn hjálpað systur sinni lýðræðinu?*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Snorri Sturluson**

**Kt.: 020170-5069**

**Leiðbeinandi: Björn Þorsteinsson**

**Mái 2019**

## Ágrip

Spurningin sem velt er upp í þessari ritgerð er hvort að anarkisminn geti haft áhrif til hins betra á lýðræðisþróunina í heiminum, en þó sér í lagi í frjálslyndum lýðræðisríkjum. Kenningar Murray Bookchins um allsnægtaranarkisma, sjálfsstjórnarfrjálshyggju, félagslega vistfræði og sambandshyggju á ofanverðri 20. öld eru helsti grundvöllur ritgerðarinnar en einnig er litið til skrifna Noam Chomskys um hnignun fulltrúalýðræðisins og áhrifa fjármagns á stjórnsmál.

Til þess að varpa ljósi á anarkisma nútímans er sögu anarkismans og helstu kenninga hans gerð skil í grófum dráttum sem og tengsl og ágreiningur anarkista og marxista á 19. öldinni.

Kostir og veikleikar fulltrúalýðræðisins eru skoðaðir, bæði í sögulegu samhengi og í nútímanum. Þættir sem ógna lýðræðinu, s.s. spilling, flokkadrættir, áhrif fjölmiðla og undirróðursstarfssemi eru raktir og tengdir við gagnrýni anarkismans á vald, eignir og fjármagn.

Velt er upp dæmum um anarkisma í framkvæmd sem grundvöll þjóðfélaga, félagasamtaka, fyrirtækja og hreyfinga af ýmsum toga. Þar sést hvernig kenningar anarkista, m.a. Bookchins ganga í raunveruleikanum og hvort, og þá hvernig, frjálslynd lýðræðissamfélög geti tileinkað sér anarkíska hugsun til að vinna á móti þeim hættum sem lýðræðið stendur frammi fyrir.

Niðurstaðan er sú að anarkismi nútímans býður upp á spennandi, nýstárlegar og einfaldar leiðir til að styrkja lýðræðið og að anarkistar eru í auknum mæli tilbúnir til þess að taka smærri skref til breytinga í átt að beinu lýðræði og minnkandi miðstýringu í dag heldur en skoðanasystkin þeirra á 19. öldinni og fyrri hluta þeirrar 20.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur	Bls. 4.
2. Anarkismi, bakland og sögulegt ágríp	Bls. 6.
3. Meginstef anarkismans á 19. öldinni – Félagslegur anarkismi	Bls. 9.
4. Lýðræðið – Systir anarkismans	Bls. 10.
5. Vandí fulltrúalýðræðisins	Bls. 11.
6. Algengar ranghugmyndir og gagnrýni á anarkismann	Bls. 13.
7. Murray Bookchin – Beint lýðræði, sjálfstjórnarfrjálshyggja og félagsleg vistfræði	Bls. 14.
8. Allsnægtaranarkismi	Bls. 17.
9. Noam Chomsky um nýfrjálshyggju	Bls. 21.
10. Chomsky um anarkisma og lýðræði	Bls. 22.
11. Beint lýðræði í verki – Anarkísk samfélög, samtök og hreyfingar	Bls. 26.
12. Niðurlag	Bls. 32.
13. Heimildaskrá	Bls. 34.

## 1. Inngangur

Fulltrúalýðræðið sem spratt úr jarðvegi upplýsingarinnar er sennilega besta stjórnarfarið sem við höfum langtíma reynslu af. Þrátt fyrir það er lýðræðið, og sérstaklega fulltrúalýðræðið, alls ekkert öruggt, gallalaust eða óumdeilanlegt fyrirbæri í daglegu lífi okkar.

Lýðræðið býr við ýmis vandamál og þau eru fæst ný af nálinni. Afskipti fjármagns og sérhagsmuna af stjórnámálum eru sjálfsagt jafngömul stjórnmalahugtakinu sjálfu. Í Rómaveldi voru árið 181 f. Kr. sett sérstök lög gegn *ambitus* sem í stuttu máli eru mútur til að kaupa sig til valda.<sup>1</sup> Eignir, fjármagn og landráð kunna að hafa skipt um ásjónu í tímans rás en togstreitan um völd er sú sama.

Ójafnt vægi atkvæða er einnig vandamál víða, auk þess sem lýðskrum og persónudýrkun sækja að lýðræðinu sem og rangtúlkun staðreynda, misvísandi fréttáflutningur, kosningasvindl og skortur á gagnrýnni hugsun kjósenda. Nútíminn er ekkert laus við þetta frekar en fyrri aldir og við sjáum þetta allt í kringum okkur hvort sem við lítum til austurs, vesturs eða bara í eigin nafla.

Það sem ég leitast við í þessari ritgerð er að svara spurningunni: Getur anarkisminn hjálpað systur sinni lýðræðinu? Til þess að gera þessari spurningu skil mun ég einbeita mér að skrifum Murrays Bookchin og Noams Chomsky og þá sérstaklega ritgerðasafni Bookchins *Post-Scarcity Anarchism* (1971) og greinunum „Notes on Anarchism“ (1970) og „Language and Freedom“ (1970) eftir Chomsky.

Í ritgerðasafni sínu setur Bookchin fram heildstæða kenningu um hvernig skipuleggja beri anarkísk samfélög og hvers vegna slík samfélög hagnast almenningi. Það er ekki markmið mitt í sjálfu sér að taka afstöðu til, né lýsa, þeim kenningum í heild sinni heldur einblína á þá hluta skrifa hans sem ég tel að geti komið lýðræðinu að gagni, þ.e. hjálpað til við að svara spurningunni sem liggur til grundvallar ritgerðinni.

Noam Chomsky er einn þekktasti samfélagsgagnrýnandi Bandaríkjanna í dag, skrif hans og fyrirlestrar um lýðræði, kapítalisma, marxisma og nýfrjálshyggju eru vel þekkt. Það sem ég einbeiti mér að í verkum hans eru hugleiðingar um hnignun nútímalýðræðisins, sem hann rekur til nýfrjálshyggjunnar og heimspekinga hennar, og þá sér í lagi hvernig endurskilgreining nýfrjálshyggjunnar á frelsishugtakinu hefur ýtt undir

---

<sup>1</sup> William Vernon Harris. *War and Imperialism in Republican Rome, 327–70 B.C.* Oxford University Press. 1979. Bls. 89.

lýðræðishnignunina á undanförunum áratugum.

Áður en ég kem að þeim Bookchin og Chomsky mun ég gefa stutt yfirlit yfir sögu anarkismans, þann hugmyndafræðilega og félagslega jarðveg sem hann spratt úr og hvernig hann tengist lýðræðinu, marxismanum, kapítalismanum og öðrum hræringum á 18. og 19. öldinni. Einnig mun ég gera grein fyrir þeim vandamálum sem lýðræðishefð okkar stendur frammi fyrir í dag.

Eftir að ég hef gert grein fyrir meginsteffjum Bookchins og Chomskys útfrá spurningu ritgerðarinnar mun ég taka fyrir dæmi af anarkískum samfélögum, félögum og hreyfingum sem hafa verið, og eru, við lýði, til þess að skoða anarkisma í framkvæmd.

Að lokum dreg ég þá ályktun að anarkisminn eigi heilmikið erindi til okkar í dag, kannski meira en nokkurn tíman áður. Aðstæður nútímans eru slíkar að með hjálp tækninnar er ekkert sem hindrar okkur í því að dreifa gæðum heimsins jafnt meðal allra og það er heldur ekkert sem hindrar okkur í því að taka þátt í lýðræðinu með beinni hætti en við höfum hingað til þekkt. Það er allt til staðar fyrir nýja og spennandi tíma í stjórnámálum og hugmyndasögu mannsins, spurningin er kannski hvort að við, almenningur, séum tilbúin til að láta til okkar taka á nýjan hátt og hvort við gerum okkur grein fyrir þessum möguleikum.

## 2. Anarkismi, bakland og sögulegt ágríp

Saga anarkismans er litrík, stundum blóðug, oft hávær, og full af eftirminnilegum persónum. Því miður er ekki pláss til að fara rækilega í saumana á þeim öllum hér og því mun ég stikla á stóru og ræða stuttlega helstu áhrifavalda stefnunnar.

Með góðum vilja má rekja anarkíska hugsun langt aftur, t.d. bendir þýski anarkistinn Rudolf Rocker á anarkíska undirtón í skrifum Laotse frá 6. öld f. Kr.<sup>2</sup> En líklega er Jean-Jacques Rousseau (1712–1778) nærtækara og rökréttara dæmi um eina af ljósmæðrum anarkisma nútímans. Í *Samfélagssáttmálanum* frá 1762 segir Rousseau m.a. að fullveldi búi „í almannaviljanum og enginn getur verið fulltrúi hans.“<sup>3</sup> Hann gerði skýran greinarmun á hinum almenna vilja og stjórnvöldum og leit svo á að fulltrúar fólksins væru einungis sendiboðar sem hefðu ekki heimild til að ganga endanlega frá neinu,<sup>4</sup> og fullyrta að „Lög sem þjóðin hefur ekki staðfest í eigin persónu [hafi] ekkert gildi.“<sup>5</sup> Hann var semsé á móti fulltrúalýðræði og taldi það ekki samboðið frjálsum mönnum eins og sjá má í þessari tilvitnun:

Enska þjóðin telur sig vera frjálsa en skjáttlast hrapallega. Hún er aðeins frjáls á meðan hún er að kjósa sér þingmenn, því um leið og kjöri þeirra er lokið er hún þræll; hún er alls ekki neitt. Þau fáu andartök sem hún er frjáls beitir hún frelsinu á þann hátt að hún á fyllilega skilið að glata því.<sup>6</sup>

Í stað þess að leyfa fulltrúum að setja lög fyrir almenning ætti almenningur alltaf að eiga þess kost að kjósa um lög í beinum kosningum. Einungis þannig er hægt að vita „vilja fólksins“.<sup>7</sup> Þessar skoðanir eru mjög í anda anarkismans því anarkistar hafna fulltrúalýðræðinu en hampa beinu lýðræði. Þó Rousseau legðist ekki algerlega gegn eignarrétti á sama hátt og anarkistarnir seinna, þá gerði hann sér grein fyrir áhrifum

---

<sup>2</sup> Rudolf Rocker. *Nationalism and Culture*. Montréal: Black Rose Books. 1997. Bls. 47.

<sup>3</sup> Jean-Jacques Rousseau. *Samfélagssáttmálinn*. Þýð. Björn Þorsteinsson og Már Jónsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 2004. Bls. 186.

<sup>4</sup> Rousseau, *Samfélagssáttmálinn*, bls. 186.

<sup>5</sup> Rousseau, *Samfélagssáttmálinn*, bls. 186.

<sup>6</sup> Rousseau, *Samfélagssáttmálinn*, bls. 186.

<sup>7</sup> Rousseau, *Samfélagssáttmálinn*, bls. 187.

eignarréttar á samfélög, og vildi takmarka þennan rétt við land sem fólk byggi á og nýtti sér til sinnar eigin framfærslu, enginn ætti rétt á meiri eign en það.<sup>8</sup>

Árið 1793 gaf Engendingurinn William Godwin (1756–1836) út ritið *Enquiry Concerning Political Justice, and its Influence on General Virtue and Happiness*. Hann var sannfærður um að konunglegt einveldi væri óumflýjanlega spillt og var að leita svara við spurningum um hvað væri raunverulegt pólitískt réttlæti. Hann hafnaði sérhverju því stjórnmalakerfi sem treysti á ríkisstjórn og setti fram hugmyndir sínar um einfaldaða og ómiðstýrða samfélagsbyggingu með lágmarks, og minnkandi, yfirvaldi.<sup>9</sup> Godwin var þeirrar skoðunar að stjórnvöld, eða „ríkið“, væri í eðli sínu fjandsamlegt þroska mannhugans og frelsis einstaklingsins, að ríkinu bæri að eyða.<sup>10</sup> Godwin skilgreindi sig ekki sjálfur sem anarkista, enda var hugtakið ekki búið að festa sig í sessi.

Pierre-Joseph Proudhon (1809–1865) var fyrsti stjórnálaheimspekingurinn sem kallaði sig anarkista<sup>11</sup> og er réttnefndur faðir anarkismans. Með rannsókn sinni á sambandinu milli eignarréttar og valds í *Qu'est-ce que la propriété?* (1840) lagði hann grunninn að anarkisma nútímans þar sem hann færir m.a. að því rök að eign sé þjófnaður.<sup>12</sup> Þessi fullyrðing Proudhons hefur allar götur síðan hún birtist slegið meginsteff anarkismans, þar sem völd, peningar og eign haldast í hendur gegn frelsinu. Þessi setning: „eign er þjófnaður“ er sennilega frægasta minni anarkismans nema ef vera skyldi lagið „Anarchy in the U.K.“ (1976) eftir bresku pönkhljómsveitina Sex Pistols.<sup>13</sup>

John Stuart Mill (1806–1873) fellur seint í flokk með anarkistum, en það er erfitt að tala um hugmyndafræði 19. og 20. aldar án þess að nefna framlag hans, sérstaklega í *Frelsinu* frá 1859. Það sem er athyglisverðast í *Frelsinu* útfrá anarkísku sjónarmiði er að Mill hefur greinilegar og ákveðnar áhyggjur af valdi meirihlutans, og möguleikanum á að meirihlutinn, eða jafnvel einungis þeir sem hæst heyrast í, geti kúgað minnihlutann, og

---

<sup>8</sup> Rousseau, *Samfélagssáttmálinn*, bls. 83.

<sup>9</sup> George Woodcock. *Anarchism*. Cleveland: The World Publishing Company. 1962. Bls. 57.

<sup>10</sup> Woodcock, *Anarchism*, bls. 57.

<sup>11</sup> Pierre-Joseph Proudhon. *What is Property?* Princeton: Benj. R. Tucker. 1876. Bls. 272.

<sup>12</sup> Proudhon, *What is Property?*, bls. 7.

<sup>13</sup> Þó svo pönk-anarkismi Sex Pistols hafi ekki rist djúpt urðu vinsældir hljómsveitarinnar þó hugsanlega til þess að glæða anarkisma nýju lífi á ofanverðri 20. öld og enn þann dag í dag er pönk áberandi í anarkískum hreyfingum og það er oft talað um anarkisma sem „pönk“.

hugsanlega meirihlutann líka. Þó svo að hann noti aldrei hugtakið fulltrúalýðræði þá er ljóst að hann er að tala um slíkt lýðræðiskerfi.

Strax á fyrstu blaðsíðum *Frelsisins* segir Mill: „Sú „þjóð“, sem fer með valdið, er ekki ætíð sama þjóðin og fyrir því verður.“ Hann heldur áfram og segir: „Ennfremur merkir „þjóðarvilji“, þegar til kastanna kemur, einungis vilja fjölmennasta eða ötulusta hluta þjóðarinnar.“<sup>14</sup> Skömmu síðar segir hann: „Því ríður engu að síður á, að vald ríkisstjórnar yfir þegnum sínum sé takmarkað, þótt almenningur, eða öllu heldur öflugasti hluti hans, kalli yfirvöld til ábyrgðar á tilteknum fresti.“<sup>15</sup> Takmarkanir og gallar fulltrúalýðræðisins eru Mill mjög ljósir og hann setur sér það markmið í *Frelsinu* að „setja fram eina ofureinfalda reglu, sem skorið getur úr því afdráttarlaust, hvenær samfélaginu leyfist að hlutast til um málefni einstaklingsins, hvort sem viðurlögin er líkamlegt ofbeldi í mynd lagarefsinga eða siðferðileg þvingun almenningsálitsins.“<sup>16</sup>

Regla hans sprettur beint úr nytjahyggjunni og snýst um að: „Í menningarsamfélagi getur nauðung við einstakling helgast af þeim tilgangi einum að varna þess, að öðrum sé unnið mein.“<sup>17</sup> Í þessu magnaða riti skilgreinir Mill frelsi einstaklingsins á slíkan hátt að það eru fáar undankomuleiðir undan rökfærslum hans. Það má segja að *Frelsið* sé innblásið af sjálfu frelsinu, svo óttalaust og hispurslaust fjallar Mill um stjórnsmál og vítin sem þar ber að varast, og hann hefur væntanlega séð allt í kringum sig í samtíma sínum.

Kenningar Mills hafa verið gripnar á lofti af heimspekingum, stjórnsmálafræðingum og stjórnsmálafólki úr öllum áttum, svo skýr og almenn er hugsun hans. Setning eins og „Mannkyninu er meiri akkur í að leyfa mönnum að lifa eins og þeim bezt þykir en að þröngva þeim til að lifa eins og allir aðrir telja fyrir beztu“<sup>18</sup> gæti t.d. verið beint uppúr matreiðslubókum anarkista.

---

<sup>14</sup> John Stuart Mill. *Frelsið*. Þýð. Jón Hnefill Aðalsteinsson og Þorsteinn Gylfason. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 2009. Bls. 39.

<sup>15</sup> Mill, *Frelsið*, bls. 39.

<sup>16</sup> Mill, *Frelsið*, bls. 47.

<sup>17</sup> Mill, *Frelsið*, bls. 47.

<sup>18</sup> Mill, *Frelsið*, bls. 52.



### 3. Meginstef anarkismans á 19. öldinni – Félagslegur anarkismi

Það er þrennt sem einkennir og bindur saman anarkíska hugsun 19. aldarinnar:

1. Frelsi einstaklingsins er algert, en hann ber samfélagslega ábyrgð.
2. Völdin liggja hjá fólkinu í beinu lýðræði, ekkert yfirvald sama hvaða nafni það nefnist skal ríkja yfir hinum vinnandi stéttum.
3. Afnáam einkaeignarréttar yfir landi, atvinnutækjum og fjármagni.

Það er ekki tilgangur þessarar ritgerðar að nefna eða greina hinar fjölmörgu undirkvíslar anarkismans. Til að fá innsýn inn í kenningar anarkismans ætla ég því að stikla á stóru um félagslegan anarkisma, en hann er víðfeðmastur og almennastur allra anarkískra kenninga.

Anarkismi er sósíalismi, þessvegna eru hugmyndafræðileg tengsl anarkista við marxista, kommúnista, kvenréttindahreyfingar, verkalýðshreyfingar o.fl. mikil. Sumar hreyfingar anarkista aðhyllast byltingu, aðrar ekki. Megin munurinn á sígildum anarkisma 19. aldarinnar og öðrum tegundum sósíalisma er að anarkisminn sættir sig ekki við tímabundna stjórn til að brúa bilið milli stjórnkerfis kúgarans og hins fyrirheitna samfélags. Þetta olli klofningi milli anarkista og marxista eins og vikið verður að síðar.

Rússinn Mikhail Bakunin (1814–1876) var anarkisminn holdtekin. Hann tók þátt í byltingum, var á flóttu undan yfirvöldum í mörgum löndum, þjáðist í fanglesi árum saman og var virkur í alþjóðlegum hreyfingum sósíalista og anarkista. Hann stóð í persónulegum og hugmyndafræðilegum erjum við Marx og var hylltur sem leiðtogi anarkista á heimsvísu meðan hann var á lífi.

Bakunin var maður athafna frekar en orða, eftir hann liggja ekki mikil skrif, þó merkileg séu þau sem til eru. Framlag hans fólst fremur í því að breiða út boðskap anarkismans og koma honum í framkvæmd. Hann vildi endurvekja hugsjónir frönsku byltingarinnar; að sérhver karl og kona skuli hafa efnislegar og siðferðilegar forsendur til að þroska mennsku sína til fulls og að þjóðfélagið skuli vera skipulagt með það eitt að mörkum.<sup>19</sup> Bakunin sá hættuna í alræði öreiganna í Marxismanum og eftir langvarandi deilur hans við Marx kom til slita milli marxista og anarkista árið 1872 og hefur ekki um heilt gróið síðan.<sup>20</sup>

---

<sup>19</sup> Woodcock, *Anarchism*, bls. 152.

<sup>20</sup> Woodcock, *Anarchism*, bls. 166.

Það sem Bakunin skorti í hugmyndafræði og ritstörfum bætti samlandi hans Peter Kropotkin (1842–1921) upp. Kropotkin kynntist sameignarbúskap í Síberíu á ferðalögum sínum sem ungur vísindamaður og sú samfélagsgerð heillaði hann alla tíð og hafði áhrif á anarkíska hugsun hans. Hann var fræðimaður, ekki virkur í byltingum og kom ekki mikið við sögu í hreyfingum verkamanna eða samtökum sósíalista. Skrif hans nutu mikillar virðingar í samtíma hans og sakir skrifa hans breiddist anarkisminn um allan heim og varð um tíma mjög áhrifamikill í hreyfingum verkalýðs.<sup>21</sup>

Mikilvægasta bók Kropotkins er vafalaust greinasafnið *Samhjálp* sem kom út 1902. Í henni skrifar hann enn undir miklum áhrifum frá reynslu sinni af samyrkjubúunum í Síberíu, í bland við vísindalegar rannsóknir sínar, og annarra, af dýraríkinu. Þannig eru kenningar hans einskonar „náttúrulegur anarkismi“ þar sem hann vitnar jafnt í náttúruvísindi og hugmyndafræði til að útskýra anarkíska sýn sína á framtíðina þar sem hann trúir á samstöðu manna til góðra verka og fyrirmyndarsamfélag þar sem allir vinna að sama marki, sem er farsæld allra.<sup>22</sup> Aðalframlag Kropotkins var áhersla hans á samhjálp, sameignarstefnu og að lýsa samfélaginu sem náttúrulegu fyrirbæri sem þyrfti að fá að þroskast á eigin, húmanískum og anarkískum forsendum.

#### 4. Lýðræðið – Systir anarkismans

Forngríska orðið demokratía þýðir einfaldlega „stjórn fólksins“. Þó að margt við aðstæður Forn-Grikkja eigi ekki við í dag, og hafi ekki átt við þegar nútíma lýðræðið var að þroskast, er skilgreiningin á lýðræði frá þeim tíma sígild: „Stjórnkerfi þar sem borgararnir fara með völdin með kosningum.“

Lýðræðið, systir anarkismans, afhverju segi ég það? Jú, eins og fram hefur komið er eitt af frumskilyrðum anarkismans að einstaklingar hafi beint ákvörðunarvald um málefni sín. Það er lýðræðið í sinni tærustu mynd, beint lýðræði.

Fyrsta formlega lýðræðið sem við höfum heimildir um, aðenska lýðræðið á 5. öld fyrir Krist, var beint lýðræði, en að vísu bara fyrir frjálsa karlmenn, því konur og þrælur gátu ekki tekið þátt, þrátt fyrir þann augljósa galla var margt athyglisvert og lærdómsríkt við þetta lýðræði. Embættismönnum var skipt ört út, skyldum dreift, þar var samfélagsleg

---

<sup>21</sup> Woodcock, *Anarchism*, bls. 248.

<sup>22</sup> Woodcock, *Anarchism*, bls. 200.

ábyrgð, sameiginleg og virk opin þátttaka í samfélagsmálum, lagasetningum, úrlausnum deilumála o.s.frv. Um öll mál var kosið beinum kosningum á þingi án milligöngu fulltrúa eða yfirvalds og embættismenn sáu svo um að lögum væri fylgt og vilji fólksins framkvæmdur. Þing sóttu allir karlkyns, frjálsir borgarar yfir tvítugu. Það voru engir stjórnsmálaflokkar og engin ríkisstjórn sem slík og þar af leiðandi engin stjórnarandstaða. Þeir sem voru kosnir til embætta voru þar til að þjóna öllum kjósendum, hvort sem þeir höfðu kosið þá eða ekki.<sup>23</sup>

Þó lítið sé um beint lýðræði við stjórnun þjóðríkja í dag eru þó ýmsir vísar að því. Þjóðaratkæðagreiðslur eru t.d. beint lýðræði í framkvæmd og eru mörg nærtæk dæmi af því í Evrópu á undanförunum áratugum t.d. í tengslum við inngöngu í Evrópusambandið, upptöku Evru og svo auðvitað Brexit, sem sýnir okkur að beint lýðræði er ekki síður vandmeðfarið en fulltrúalýðræðið.

Um fulltrúalýðræði sem slíkt þarf ekki að fjölyrða, það er sú lýðræðishefð sem við í frjálslyndum lýðræðisríkjum höfum flest búið við í allmargar kynslóðir. Við kjósum fulltrúa til að fara með löggjafar-, dóms- og framkvæmdavald og okkur gefst kostur á að kjósa nýja fulltrúa með nokkurra ára millibili.

Helsti munurinn á fulltrúalýðræðinu og beinu lýðræði er að kjósendur í fulltrúalýðræði fá ekki tækifæri til að kjósa um einstök mál, lagasetningar eða framkvæmdir. Þetta er ekki gallalaust fyrirkomulag en sennilega það besta sem við höfum látið reyna á til langs tíma.

## **5. Vandí fulltrúalýðræðisins**

Fulltrúalýðræðið stígur ekki skrefið til fulls með tilliti til frelsis einstaklingsins og raunverulegs lýðræðis að mati anarkista. Ákvarðanatakan fer fram í stofnunum ríkisvalds þar sem borgararnir hafa ekki bein áhrif á lagasetningu, úrlausn eða framkvæmd einstakra mála. Þetta kerfi verðlaunar meirihlutann og stígur um leið á rétt minnihlutans, stundum gróflega. Málefnum sem skifta minnihlutann máli er stungið undir stól og fulltrúar meirihlutans líta yfirleitt svo á að þeirra starf sé einungis að sinna meirihlutanum, þó svo að þeir séu í raun í vinnu hjá öllum kjósendum, líka þeim sem kusu þá ekki.

---

<sup>23</sup> John Thorley. *Athenian Democracy*. London: Routledge. 1996. Bls. 74.

Fjölflokkakerfið sem fylgir fulltrúalýðræðinu hefur líka verið gagnrýnt fyrir að skapa sundrunu og skipa fólki í andstæðar fylkingar í krafti flokkshollustu. Þannig yfirsést fólki oft hin raunverulegu málefni og kýs flokkinn frekar en málefnið í blindri trú á stefnuna eða persónutöfra leiðtoganna.

Kjörnir fulltrúar sem fara með raunveruleg völd láta oft öfluga sérhagsmuni hafa áhrif á ákvarðanatöku sína; sérhagsmuni sem eru oftast gegn hagsmunum kjósenda og leynt og ljóst borga ýmis sérhagsmunaöfl fulltrúum kjósenda fyrir að greiða götu sína.

Það er því ljóst að fulltrúalýðræðið, sem hefur marga kosti, á sér líka ýmsar skuggahliðar.

Áhrif fjármagns í stjórnámum miðar alltaf að því að sveigja samfélagið svo það henti fjármagnseigendunum. Þessvegna er það óheillavænleg þróun fyrir lýðræðið þegar fjármagn fær að flæða tiltölulega óhindrað frá fjármagnseigendum til stjórnmalafólks og flokka líkt og dæmi eru um.<sup>24</sup>

Murray Bookchin og Noam Chomsky eru báðir mjög gagnrýnir á þetta fyrirkomulag sem þeir kalla ríkiskapítalisma (e. *state capitalism*)<sup>25</sup> eða samstæðu ríkis og fyrirtækja (e. *state-corporate complex*).<sup>26</sup> Chomsky hefur skrifað mikið um lýðræðið, eða skort á því, í Bandaríkjunum. Hann heldur því fram að 70% lægstlaunuðu kjósenda í Bandaríkjunum hafi engin áhrif á stjórnmal þar en að ríkustu 0,01% þjóðarinnar fá nákvæmlega það sem þau vilji út úr stjórnmalum, með öðrum orðum stjórninni öllu.<sup>27</sup> Þetta er ekki lýðræði, þetta er auðræði (e. *plutocracy*), eða alræði auðmannanna, og þetta eru sláandi tölur, ef þær eru réttar. Þó svo að greining Chomsky eigi við Bandaríkin er ekki úr lausu lofti gripið að leiða að því líkum að mörg önnur frjálsslynd lýðræðisríki glími við svipuð vandamál af mismunandi stærðargráðu.

Lýðræðið hefur alltaf átt undir högg að sækja gagnvart afturhalds- og hagsmunaöflum. Því opnara sem lýðræðið er, því meiri andstöðu mætir það frá íhaldsöflum. Þessi vandamál hafa verið af ýmsum toga í gegnum tíðina; einræðistilburðir,

---

<sup>24</sup> 21. janúar 2010 felldi hæstiréttur Bandaríkjanna tímamótadóm í málinu Citizens United v. FEC og opnaði þar með fyrir nánast ótakmarkað flæði fjármagns til frambjóðenda í stjórnmalastöðum.

<sup>25</sup> Murray Bookchin. *Post-Scarcity Anarchism*. Montréal: Black Rose Books. 1986. Bls. 15.

<sup>26</sup> Noam Chomsky. „The State-Corporate Complex: A Threat to Freedom and Survival.“ Fyrirlestur við Háskólann í Toronto 7. apríl 2011.

<sup>27</sup> Noam Chomsky. „The US Behaves Nothing Like a Democracy.“ Salon.com. 2013.

undirróðursstarfsemi, herstjórnir, kommúnismi og kapítalismi hafa verið helstu sjáanlegu óvinir lýðræðisins. Þó kommúnisminn sé að mestu dauður og það megi færa rök fyrir því að kapítalisminn hafi haldið lýðræðinu á floti eftir fasisma seinni heimsstyrjaldarinnar og uppgang kommúnismans í kjölfarið þá er kapítalisminn ekkert endilega besti vinur lýðræðisins (þrátt fyrir að hann haldi því staðfastlega fram).

En hugsanlega er stærsta vandamálið sem blasir við lýðræðishefðinni í dag vantrú kjósenda á stjórnámálum. Spilling, léleg skilvirkni stjórnkerfisins, skrifræði, svikin kosningaloforð og flokkadrættir grafa undan tiltrú fólks. Eftir frelsisbyltingar 18. og 19. aldanna og aukið vald kjósenda á þeirri 20. hefur hagur og frelsi almennings batnað gríðarlega og kannski útskýrir það að hluta minnkandi áhuga almennings á stjórnámálum. Hinn almenni borgari er orðinn firrtur gagnvart stjórnámálum, kosningaþátttaka minnkar, öfgafull undirróðursstarfsemi fær hljómgrunn hjá jaðarhópum sem verða sífellt áhrifameiri og geta leitt til kjörs á vafasömum lýðskrumurum.

## **6. Algengar ranghugmyndir og gagnrýni á anarkismann**

Áður en ég skoða hvernig og hvort anarkisminn geti hjálpað lýðræðinu er ágætt að skoða þá gagnrýni sem skýtur gjarnan upp kollinum þegar rætt er um anarkisma, stundum réttmæt en oftast byggð á ranghugmyndum. Sú gagnrýni sem heyrir oftast er að markmið anarkismans sé óreiða og niðurrif samfélagsgerðar okkar, blóðugar byltingar og lögleysa.

Gagnrýnisraddir sem snúa að ofbeldi og stjórnleysi anarkismans fá oft byr undir báða vængi þegar mótmælaaðgerðir, kröfugöngur og verkföll enda í ofbeldi og anarkistum er kennt um. Þessi ofbeldisgagnrýni á anarkismann í nútímanum er þó oftast úr lausu lofti gripin. Borgaraleg óhlýðni og mótmæli eru vissulega tæki sem anarkistar beita og líta á það sem rétt allra borgara í samfélagi að geta tjáð sig og látið í ljósi óánægju á valdhöfum á þann hátt sem þeir vilja, en það jafngildir ekki ofbeldi.

Gagnrýnendur anarkisma eiga líka erfitt með að sjá fyrir sér að stór samfélög geti virkað án skýrra valdboða að ofan, öflugrar miðstýringar og stranglega skilgreinds stigveldis í stjórnskipulagi. Oftast kemur gagnrýni af þessum toga frá aðilum sem eiga hagsmuna að gæta með því að viðhalda núverandi stjórnskipulagi, svo sem stjórnmalafólki, embættismönnum ríkisvaldsins eða fulltrúum atvinnulífsins.

Önnur megin gagnrýni er að anarkisminn boði fyrirmyndarríki sem sé einfaldlega ekki raunhæft því að of mikið traust sé lagt á að fólk muni uppfylla borgaralegar skyldur sínar, muni raunverulega stunda samvinnu og samfélagslega ábyrgð í stað þess að misnota frelsið sem anarkisminn boðar. Þetta eru vissulega gild áhyggjuefni og auðvitað eru svartir sauðir í öllum hópum, því breytum við aldrei. En að gera ráð fyrir því versta í fari fólks eru ekki rök gegn anarkisma frekar en nokkurri annarri hugmyndafræði eða stjórnmalastefnu, þvert á móti byggir hugmyndasaga okkar á því að gera ráð fyrir því besta frá fólki (en vera þó undirbúin fyrir hið versta).

**7. Murray Bookchin – Beint lýðræði, sjálfstjórnarfrjálshyggja og félagsleg vistfræði**  
Bandaríski heimspekingurinn Murray Bookchin setur fram í greinasafni sínu *Post-Scarcity Anarchism* (1971) ákveðnar hugmyndir og aðgerðaráætlanir um hvernig hægt sé að koma á beinu lýðræði.<sup>28</sup>

Hann byrjar á því að skilgreina stjórnmal með því að fara aftur til aðenska lýðveldisins sem hann telur ákjósanlega frum- og fyrirmynd stjórnála, að því gefnu að allir borgarar séu jafnir, konur séu jafnar körlum og að þrælshald sé ekki leyft. Að þessum atriðum undanskildum telur hann gríska lýðræðið nánast fullkomið beint lýðræði þar sem stjórnálaumræður eiga sér stað frá manni til manns um málefni nærumhverfisins, allir geta kosið um allt, öll mál fara beint til borgaranna, það er hröð rótering á embættum til að að spilling nái ekki að hreiðra um sig, ábyrgð dreifist, sum embætti er kosið um, í önnur embætti er valið af handahófi þannig að þátttaka í stjórnmalum er borgaraleg skylda en ekki tæki sérhagsmunahópa til að hafa áhrif.<sup>29</sup>

Þetta, samkvæmt Bookchin, eru hin sönnu stjórnmal; þ.e. þátttaka almennings. stjórnmal eru ekki ríkisbáknið og skrifræðið, það kennir hann við stjórnkænsku (e. *statecraft*), stjórnmal felast ekki heldur í herstyrk eða útþenslustefnu kapitalismans, það er einfaldlega græðgi. Til þess að stunda hin sönnu stjórnmal þarf almenningur að láta sig þau varða, taka þau til baka frá tekknókrötunum og möppudýrunum. Hér hrista margir hausinn og segjast ekki sjá fyrir sér að það sé raunhæft markmið. Hvernig eiga stór

---

<sup>28</sup> Til að skilja hugsun Bookchins er mikilvægt að hafa í huga að hann telur að öll ríki heims búi í reynd við einhverskonar kapitalisma, hann kallar það ríkiskapitalisma eins og áður kom fram. Það skipti í sjálfu sér ekki máli hvort ríki séu kommúnísk, einræðisríki eða frjálslynd lýðræðisríki, í öllum tilfellum er um að ræða skerðingu á frelsi einstaklingsins til lífs og athafna af miðstýrðu valdi sem hefur ekki farsæld einstaklingsins að leiðarljósi.

<sup>29</sup> Murray Bookchin. „Radicalizing Democracy.“ *Kick it Over Magazine*. 1985.

samfélög og milljónaborgir að fara að því að taka kerfið í sundur og afhenda hinum almenna borgara stjórnina?<sup>30</sup> Með því að taka eitt skref í einu, segir Bookchin, fyrir öll staðbundin málefni eru ákvarðanir smátt og smátt færðar niður í litlar sjálfstjórnareiningar í nærumhverfinu, í hverfin, á vinnustaðina, í skólana, í félagsheimilin, elliheimilin, æskulýðsmiðstöðvarnar og fyrir stærri mál, á almenna borgarafundi. Í stuttu máli er þetta það sem Bookchin kallar sjálfstjórnarfrjálshyggju (e. *libertarian municipalism*).

Lausn Bookchins við vanda lýðræðisins er að hætta að horfa á stóru myndina. Hann leggur til að fólk horfi sér nær og þrýsti á yfirvöld að gera breytingar á því sem það vill sjá breytast, það er beint lýðræði í verki. Í Sýrlandi hefur samfélag Kúrda hrint sumum hugmyndum Bookchins í framkvæmd með eftirtektarverðri samfélagstilraun sem ekki sér fyrir endann á og ég mun víkja að seinna. Þegar borgarar taka slíka afstöðu og grípa til aðgerða skapast lýðræðishefð sem er ábyrgari, skilvirkari og heiðarlegri heldur en tíðkast í stjórnámálum nútímans.

Pó svo að áhersla Bookchins á staðbundnar aðgerðir og beint lýðræði á þeim vettvangi sé mikilvæg þá bendir hann á að það sé jafnmikilvægt að anarkísk samfélög séu tengd böndum, þau hafi samvinnu og ráði ráðum sínum, þar sem málefni þeirra skarast. Hann kallar þetta skipulag sambandshyggju (e. *federalism*). Eins og aðrar kenningar Bookchins er þetta ekki stjórnmalastefna sem slík, þetta er aðferðarfræði um skipulag og úrlausn samfélagsmála. Sú grundvallarstaðreynd að hver eining sé að fást við sín eigin málefni, sín eigin vandamál sem þarfnast úrlausnar, en tengist öðrum í stærri málum með sambandssáttmálum, er það sem eykur frelsi borgaranna í stærri heildarkenningu sem hann kallar félagslega vistfræði (e. *social ecology*). Félagsleg vistfræði Bookchin er siðferðislega, félagslega og umhverfislega ábyrg stefna sem sprettur úr þeim grasrótarveruleika að allir einstaklingar í samfélagi eigi skilið frelsi, jöfnuð, öryggi og rétt til lífs. Þetta er ekki ný hugmynd, en nálgun Bookchins er sú að þessari kennisetningu sé ekki haldið að okkur með valdboði að ofan heldur komi hún að neðan, úr grasrótinni. Með grasrótina í fararbroddi verður réttur einstaklingsins til lífs og heilsu alltaf ofan á. Því fylgir óhjákvæmilega að hlutir eins og öryggi, jöfnuður, umhverfisvernd, menntun og

---

<sup>30</sup> Murray Bookchin. *The Next Revolution: Popular assemblies and the promise of direct democracy*. London: Verso Press. 2015. Bls. 65.

heilsa verða efst á baugi meðan hlutir eins og hagnaður, útfensla og hnattvæðing verða alltaf undir.

Þrátt fyrir milda afstöðu Bookchins til breytinga, þ.e. að byrja smátt, er hann ekki í neinum vafa um hvert endamarkið er. Hann segir að breytingar sem feli ekki í sér niðurrif kerfisins, eða ríkisins, séu ekki raunverulegar breytingar, heldur bara tilfærsla á hinu kapítalíska valdi yfir á aðrar hendur.<sup>31</sup> Þetta er það sem Bookchin kallar ríkiskapítalisma. Í grunninn er Bookchin að segja að ríkið taki við sem kúgari hins vinnandi manns af kapítalinu. Þetta var augljóst í Sovétríkjunum sálugu þar sem frelsi vinnandi fólks var ekkert. Uppreisnin gegn kapítalismanum varð að kúgun í formi ríkisvalds. Hin marxíska fíring hélt áfram að gegnsýra líf borgaranna og þeir færðust ekkert nær því að hafa ákvörðunarrétt yfir lífi sínu, sem þó var markmið byltingarinnar.<sup>32</sup>

Í frjálslyndum lýðræðisríkjum er vissulega meira frelsi heldur en í alræðisríkjum kommúnismans en samt sem áður hefur einstaklingurinn ekki ákvörðunarrétt yfir eigin lífi í stórum málum. Tökum Bandaríkin sem dæmi. Þegar kemur að hernaði hefur hinn almenni bandaríski borgari lítið um það að segja, annað en að kjósa í kosningum, en þar eru hernaðarmál yfirleitt ekki áberandi í umræðunni. Fullyrða má með nokkurri vissu að almennt séu kjósendur ekki fylgjandi stríðsrekstri,<sup>33</sup> en yfirráð yfir olíulindum, vopnaframleiðsla og aðrir sérhagsmunir hafa drifið megnið af stríðsrekstri Bandaríkjanna undanfarna áratugi þar sem áhrif sérhagsmuna á stjórn málin eru kristaltær.

Umhverfismál eru annað dæmi, stjórnvöld um allan heim virðast ófær um að grípa til róttækra aðgerða gegn hnattrænni hlýnun þrátt fyrir mjög sterkan og augljósan vilja almennings til þess. Aftur er það kerfið og hagsmunadilar sem koma í veg fyrir athafnir.

Þrátt fyrir andstöðu kerfisins er það einmitt í umhverfismálum sem grasrótahreyfingar hafa haft söguleg áhrif. Það sama má segja um mörg önnur erfið mál s.s. kvenfrelsisbaráttu, jafnréttisbaráttu þeldökkra í Bandaríkjunum, baráttu samkynhneigðra og ýmissa annarra minnihluta og jaðarhópa. Þar hefur grasrótastarfið verið öflugt, fólk sameinað um málstað, og með óeigingjarnri og einarðlegri samvinnu hefur grasrótin rutt brautina fyrir miklar breytingar, oft á tíðum byltingar. En um leið og

---

<sup>31</sup> Bookchin, *Post-Scarcity Anarchism*, bls. 24.

<sup>32</sup> Bookchin, *Post-Scarcity Anarchism*, bls. 69.

<sup>33</sup> James Carden. „A New Poll Shows the Public is Overwhelmingly Opposed to Endless US Military Interventions“. Thenation.com. 2018.



margar af þessum hreyfingum verða formlegri, stofna stjórnmalaflokka og fulltrúar þeirra eru kosnir á þing, verða hreyfingarnar á ótrúlega skömmum tíma hluti af kerfinu og tynast í skrifræðinu, flokksræðinu og valdataflinu sem á sér stað meðal stjórnmálaafli.

Þessu til stuðnings vitnar Bookchin í heimspekinginn Josef Weber sem sagði að allar stofnanir hafi tilhneigingu til að vilja sjálfræði, þ.e. að firra sig upprunalegum tilgangi sínum og að tilvist stofnunarinnar verði markmið í sjálfu sér.<sup>34</sup>

## 8. Allsnægtaranarkismi

Það sem er merkilegt við nútímann, skv. Bookchin, er að mannkynið er komið á þann stað að það er enginn skortur. Framleiðslugeta okkar og tækni hafa nú gert okkur kleift að framleiða meira en nóg af öllum nauðsynjum fyrir alla jarðarbúa og samskiptatæknin hefur opnað á þann möguleika að við getum öll verið hluti af lífi hvers annars, það geta allir talað saman, deilt hugmyndum og átt samræðu. Þetta er það sem Bookchin leggur til grundvallar allsnægtaranarkisma.<sup>35</sup> Hann bendir á að í byltingum fyrri tíma, byltingum sem eru kenndar við sósíalisma, frelsi, öreiga o.s.frv., hafi í lokin alltaf verið um að ræða tilfærslu á valdi frá einni valdaklíku til annarrar. Frá aðlinum til borgarastéttarinnar líkt og í frjálslyndum lýðræðisríkjum eða frá aðlinum til alræðisafla, eins og í Sovétríkjunum. Hann neitar því að sjálfsögðu ekki að margt jákvætt hafi gerst í þessum tilfærslum, verkalýður og almenningur hefur það betra nú en nokkru sinni fyrr víðast hvar um heiminn. En um aðstæður 20. aldarinnar segir hann:

Í fyrsta skipti í sögu mannkyns sjáum við nú fram á að öll tvíhyggja milli hugsunar og athafna, hugar og líkama, aga og hvatvísi, einstaklings og samfélags, manns og náttúru, borgar og sveitar, menntunar og lífs, vinnu og leiks sé afmáð, jöfnuð út, og renni saman í áður óþekkt, lífrænt, og gæðum prýtt frelsi.<sup>36</sup>

Þetta er möguleiki sem við höfum í höndunum vegna sögulegs, efnahagslegs og menningarlegs árangurs okkar. Grundvöllurinn er sá að við höfum fengið frelsi frá efnislegum skorti, að við þurfum ekki að eyða megninu af lífi okkar í brauðstrit til þess

---

<sup>34</sup> Bookchin, *Post-Scarcity Anarchism*, bls. 69.

<sup>35</sup> Bookchin, *Post-Scarcity Anarchism*, bls. 55.

<sup>36</sup> Bookchin, *Post-Scarcity Anarchism*, bls. 56. Lausleg þýðing höfundar.

eins að lifa af. Bookchin er hér að tala sem skilgetinn sonur Marx og þakkar honum fyrir að hafa skilgreint þessar forsendur frelsis á sínum tíma. En hann undirstrikar um leið að okkur beri ekki að rugla saman forsendum frelsisins samkvæmt Marx og skilyrðum frelsisins eins og hann skilgreinir það sjálfur. Möguleikinn á frelsi þýðir ekki að frelsi sé orðið að raunveruleika. Þrátt fyrir fjölmörga jákvæða fylgifyska tækninnar ber hún líka með sér mjög afgerandi neikvæða, félagslega afturför. Ef það er rétt að tæknilegar framfarir auki sögulega möguleika okkar til frelsis þá er það einnig svo að borgaraleg öfl hafa ennþá stjórn á samfélaginu í krafti yfirráða sinna yfir tækniframförum.<sup>37</sup>

Með öðrum orðum er baráttan milli kapítalismans og öreiganna enn að verki í tæknisamfélögum nútímans. Máttur kapítalismans til að beygja stóra hluta samfélaga, og heilu þjóðríkin, undir vald sitt og áhrifamátt er í sögulegu hámarki. Tæki, tól og auðlindir kapítalismans hafa látið honum í té vopn, eftirlitsbúnað og áróðurstækni til að skapa ógnarsterkt kúgunarvald sem stjórnar með fögrum fyrirboðum eða harkalegum aðgerðum, eftir því sem við á. Það þarf ekki að leita langt til að sjá dæmi um þetta, t.d. í utanríkisstefnu Bandaríkjanna, hörku Rússa gagnvart löndum sem voru áður í Sovétríkjunum, alræðisstjórnunum í Mið-Austurlöndum, Suður-Ameríku, Kína og víðar. Alls staðar sjáum við misbeitingu valds studda með nútíma eftirlitstækni, miklu fjármagni, herafli og ógnarstjórn sem lítur misharkalega út eftir því hversu sterk lýðræðishefðin er á hverjum stað. Í Mið-Austurlöndum og Kína t.d. er hinn almenni borgari berskjaldaður gegn stjórnvöldum. Almennigur í þessum löndum hefur litla sem enga vörn ef ríkisvaldið eða kapítalið ákveður að skoðanir fólks, lífshættir, kynþáttur eða kynhneigð (breyturnar eru miklu fleiri) séu óæskileg, ógnandi eða falli að einhverju öðru leyti ekki við stefnu þeirra, er þeim einfaldlega gert erfitt fyrir á ýmsan hátt. Sums staðar (í mildari tilfellum) með afnámi eða neitun á sjálfsagðri þjónustu eða mannréttindum, eða með fangelsun, pyntingum og, í versta falli, með lífláti.

Kapítalisminn, með Bandaríkin í broddi fylkingar, kann að hafa staðið vörð um lýðræðið í seinni heimstyrjöldinni og í kjölfar hennar. En það er tæplega hægt að segja að það hafi verið af hugsjón einni heldur til að verja hagsmuni sína gagnvart fasismanum fyrst, og síðan kommúnismanum. Kapítalisminn, sem svo lengi hefur haldið því fram að

---

<sup>37</sup> Murray Bookchin. *The Ecology of Freedom: The Emergence and Dissolution of Hierarchy*. London: Cheshire Books. 2005. 9. kafli.

hann sé útvörður lýðræðis, afl framfara og réttlætis, hefur alltaf verið óvægið stjórnþæki í höndum þeirra sem vilja aðeins eitt, aukin völd, sama hvað það kostar.

Líkt og margir anarkistar hefur Bookchin skrifað mikið um heimspeki og siðfræði náttúrunnar, þ.e. umhverfismál. Það kemur betur og betur í ljós með hverju árinu að kapítalisminn ber enga virðingu fyrir náttúrinni, sjálfbærni eða ábyrgri meðhöndlun auðæfa. Þetta hafa anarkistar lengi vitað, og helsti munurinn á anarkistum og öðrum sósíalistum er að anarkistar gerðu sér grein fyrir því að allt form valds, kapítalískt, sósíalískt eða kommúnískt, miðar að því sama, að viðhalda völdum sínum og mætti á kostnað einstaklingsins, umhverfis hans, sameigna samfélagsins og að lokum lífs einstaklingsins, með því að eyðileggja umhverfi hans og möguleika til lífs.

Við þurfum ekki að líta lengra en til íslensku fiskveiðistjórnarlaganna til að sjá sannleikann í þessu. Auðlind sem samkvæmt lögum er eign þjóðarinnar er í höndum viðskiptalífsins sem fer með hana sem sína einkaeign sem gengur kaupum og sölum. Hinir raunverulega eigendur fisksins í hafinu, borgararnir, þiggja laun frá fyrirtækjunum sem, í krafti löggjafar ríkisvaldsins, undir miklum áhrifum frá hagsmunasamtökum sjávarútvegsins, eru í raun eigendur fisksins í hafinu, eða fá a.m.k leyfi til að umgangast hann sem slíkan. Vissulega fær fólk sem vinnur við útgerð og fiskvinnslu á Íslandi ágætlega borgað miðað við víða annars staðar í heiminum, en það er einungis brotabrot af því sem handhafar veiðileyfanna fá, en það sem er mikilvægara en þykkt launaumslagsins er að launafólkið hefur ekkert um auðlindina að segja, það er ofurselt duttlungum handhafa auðlindarinnar og markaðnum, launafólkið er rænt frelsinu til að ákvarða stefnu lífs síns. Eins og Proudhon sagði: „eign er þjófnaður.“

Markmið anarkismans er að einstaklingurinn öðlist frelsi, algert frelsi, til að haga daglegu lífi sínu eftir eigin höfði. Gagnrýnendur eru fljótir að benda á að fólk í frjálslyndum lýðræðisríkjum sé frjálst að gera það sem það vill. Ef það kjósi að vinna ekki þá geti það gert það en það þurfi að taka afleiðingum þess á líf sitt. Þetta er sjónarmið kapítalismans og jú, gott og vel, við þurfum öll að bera ábyrgð á eigin lífi. En það sem Bookchin og aðrir anarkistar benda á er að þessi skilyrði til lífs, viðurværis og velsældar eru á forsendum kapítalismans. Þau eru ekki á forsendum einstaklingsins eða samfélagsins í heild heldur á forsendum fárra, valdamikilla einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og kerfa og undan því valdi vill anarkisminn brjótast.

Eins og áður sagði kenndi marxisminn okkur forsendur frelsisins en ekki skilyrði þess. Bookchin bendir á að marxisminn var skapaður og mótaður tímum þegar skortur var viðvarandi. Það var á þeim forsendum sem kapítalisminn náði yfirhöndinni, með því að nýta sér neyð almennings. Í dag eru aðstæður þannig að þessu ætti að vera öfugt farið. Það er enginn skortur lengur, almenningur ætti í raun að nýta sér þörf kapítalismans fyrir vinnuafli til að fá öllu sínu framgengt. Í staðinn hefur það gerst að kapítalisminn hefur komið sér fyrir í daglegu lífi okkar og skapað þörf og skort þar sem hvorugt er. Markaðsöflin hafa tekið við þar sem áður var skortur. Kapítalisminn er drifinn áfram af óseðjandi framleiðsluþörf en við erum löngu komin með miklu meira en nóg til að lifa af þannig að við hefur tekið markaðssetning á óþarfa, á gerfiþörfum.

Það er eitt að halda á lofti háleitum hugsjónum um frelsi, jafnrétti og bræðralag en rífast svo um það hvort spónninn í aski mínum sé nógu stór miðað við þinn. Þetta er hin hefðbundna orðræða sem við þekkjum á sviði stjórnmalanna þar sem andstæðingarnir kapítalismi og sósíalismi mætast. Við stöndum hins vegar frammi fyrir miklu alvarlegra máli. Kapítalisminn er að ganga af hinum náttúrulega heimi dauðum, þ.e. hinum náttúrulega heimi sem nýtist okkur (náttúran mun lifa okkur mannkynið af, það er hin grátbroslega staðreynd). Í stað þess að nota tækni okkar, framfarir og vísindi til þess að tryggja jöfnuð, sjálfbærni og lífshætti sem tryggja afkomendum okkar betri lífsskilyrði erum við ofurseld hinum óseðjandi kapítalíska anda sem, í nafni framfara, og með stuðningi ríkisvalds um allan heim, útrýmir enn fleiri dýrategundum, leggur undir sig enn meira votlendi, heggur niður enn fleiri skóga, mengar ár, vötn og höf og svo mætti halda áfram um áhrif kapítalismans á náttúruna, sem eru slík að við römbum nú á barmi umhverfislegs stórslyss. Vísindamenn eru sammála um að afleiðingar þessarar rányrkju séu ófyrirsjáanlegar en svo alvarlegar að þær munu gerbreyta lífi okkar og afkomenda okkar um alla framtíð. Allt hefur þetta verið réttlætt á forsendum markaðsins, við þurfum að framleiða meira til að geta keypt meira, ferðast meira, slegið meira um okkur, uppfyllt þarfir sem kapítalisminn er óendanlega flinkur að búa til fyrir okkur til þess að sannfæra okkur um að láta fjármuni okkar af hendi inní þennan vítahring. Eða eins og Bookchin segir: „Við stöndum ekki lengur frammi fyrir hinum vel þekktu afarkostum Marx milli sósíalisma og villimennsku; við þurfum að velja milli anarkisma og útrýmingar.“<sup>38</sup>

---

<sup>38</sup> Bookchin, *Post-Scarcity Anarchism*, bls. 62.

Ríkiskapítalismi, og í auknum mæli fulltrúalýðræðið, eru ófær um að glíma við þessi vandamál. Þau er ofurseld kapítalínu, í frjálsslyndum lýðræðisríkjum jafnt sem valdstjórnarríkjum. Hvort sem það er á Íslandi, í Saudi-Arabíu, Kína eða Venesúela, ríkiskapítalisminn stjórnar ákvarðanatöku í einu og öllu. Eins og fram kom áður eru áherslurnar misjafnar, í Svíþjóð hefur ríkiskapítalisminn miklu mannlegri ásjónu heldur en í Norður-Kóreu, Nígeríu eða Bandaríkjunum. En þetta er stigsmunur, ekki eðlis. Til að skilja afturþróun lýðræðisins á síðustu 50 árum þarf að skoða nýfrjálshyggjuna og sérstaklega hvað Noam Chomsky hefur um hana að segja.

## 9. Noam Chomsky um nýfrjálshyggju

Chomsky segir að nýfrjálshyggjan sé að drepa lýðræðið.<sup>39</sup> Hann vill meina að með uppgangi nýfrjálshyggjunnar á áttunda áratug síðustu aldar hafi undirstöður lýðræðisins í frjálsslyndum lýðræðisríkjum byrjað að veikjast. Lykilhugtakið í þeirri þróun er frelsi. Nýfrjálshyggjan siglir undir fölskum fána frelsisins og mærir frelsi til athafna, frelsi til viðskipta, frelsi markaðarins, minnkun regluverks o.s.frv. Þessi orðræða nýfrjálshyggjunnar er undirföruhlutur því henni hefur tekist að sannfæra einstaklinginn um að hún sé að tala fyrir frelsi hans, en hún er það ekki í reynd. Það sem nýfrjálshyggjan hefur gert er að markaðsvæða innviði okkar, einkavæða almenningssþjónustu á borð við skóla, heilsugæslu, almenningssamgöngur o.fl. Bandaríkin eru það vestræna ríki sem gengið hefur lengst í þessa átt. Víða gengur þessi ofuráhersla á frelsi fjármagnsins svo langt að fólk er beinlínis farið að trúá því að almannaheill sé til illis fyrir það og er andstætt öllu sem er kallað almannaheill, eða sósíalismi, samanber ákafa orðræðu þess efnis í Bandaríkjunum.

Frelsið, í meðförum nýfrjálshyggjunnar, er ekkert annað en frelsi valdsins til að auka völd sín, fara með völd sín að vild, framselja valdið til hæstbjóðanda hverju sinni. Þetta hefur, og hvergi í meira mæli en í Bandaríkjunum, orðið til þess að flæði fjármagns frá hasgmunaaðilum til stjórn mála hefur stóraukist í þeim tilgangi að hafa áhrif á lagasetningu og stefnumótun hjá löggjafanum.

Hagsmunaaöfl hafa svo mikil áhrif á stjórn mála og ríkiskerfið í heild sinni að áhrif almennra kosninga eru hverfandi. Ég er búinn að koma að þessu áður í þessari ritgerð en

---

<sup>39</sup> Noam Chomsky. „Neoliberalism is Destroying Democracy.“ Viðtal. Thenation.com. 2017.

Það er þess virði að minnast á það aftur. Það mætti kannski segja að þetta sé fíring marxismans komin inn í kjörklefann. Rétt eins og verkamaðurinn hefur fjarlægst virðisauka afurða sinna hefur kjósandinn fjarlægst fulltrúa sinn. Samt sem áður situr viðkomandi á þingi fyrir hönd kjósenda en er í raun að vinna að málum kapítalismans sem er orðinn svo innbyggður í kerfi okkar að stjórnmalafólk á hreinlega erfitt um vik að komast hjá áhrifum sérhagsmunanna í starfi sínu. Kapítalisminn hefur komið regluverkinu svo haganlega fyrir í sinn hag að í augum kerfisins, skrifræðisins og stjórnmalafólksins er auðveldari og réttari leiðin alltaf leið kapítalismans.

Næsta skref nýfrjálshyggjunnar er að afnema reglur sem hindra frjálst flæði fjármagns, reglur sem vernda almannaheill og reglur sem vernda stofnanir ríkisins. Dæmi um þetta eru óteljandi á undanförunum árum en skemmst er að minnast bankahrunsins sem var bein afleiðing af svona frelsis aðgerðum; einnig ber að nefna algert ráðaleysi stjórnvalda um allan heim gagnvart þeirri umhverfisvá sem blasir við okkur.

Það væri efni í heila ritgerð í viðbót að tala um áhrif nýfrjálshyggjunnar á frelsið, stjórnmal og peninga í stjórnmalum. Hér skal þó látið staðar numið og hugað að hugleiðingum Chomskys um anarkisma.

## 10. Chomsky um anarkisma og lýðræði

Eins og fram hefur komið er það algeng gagnrýni á anarkisma að hann lýsi fyrirheitnu landi, sé óraunhæfur, laus í reipunum, frumstæður eða á annan hátt ófær um að takast á við flókin vandamál samfélagsins. Chomsky snýr þessu við þegar hann segir að kannski sé leiðin að betra samfélagi einmitt að miða alltaf að því að afbyggja, brjóta niður og vinna gegn yfirvaldi og kúgun sem eru leifar af eldri kerfum þar sem þessir hlutir áttu hugsanlega rétt á sér, voru jafnvel nauðsynlegir í ljósi efnahagslegra aðstæðna, öryggis eða af öðrum orsökum. En þessi kerfi hafa oft snúist upp í andstæðu sína og eru okkur fjötur um fót þegar við reynum að halda áfram að þróast og þroskast sem samfélag. Hann segir að allt tal um „mannlegt eðli“, sem er algengt þegar kemur að því að verja kúgun eða valdstjórn, sé einfaldlega tilbúningur til þess gerður að þjóna málstaðnum hverju sinni. Ég hallast að því að þetta sé rétt hjá honum af þeirri einföldu ástæðu að í raun er alltaf hægt að segja, þegar okkur hentar, að allt sem við gerum sé „mannlegt eðli“.<sup>40</sup>

---

<sup>40</sup> Noam Chomsky. *The Essential Chomsky*. New York: The New Press. 2008. Bls. 93.

Chomsky tekur undir með Bookchin varðandi kapítalískt gildismat, þ.e. að við lífum á forsendum kapítalismans og þessvegna sé ekki hægt að laga samfélagið að nokkru marki nema þær forsendur séu teknar í burtu. Þessu til stuðnings vitnar Chomsky í Rudolf Rucker sem segir að „vandamálið að leysa manninn úr hlekkjum efnahagslegrar, pólitískrar og félagslegrar ánaúðar sé ekki verkefni sem ríkisvald eða þingræði geta tekist á við. Það þarf að endurbyggja efnahagslegt líf fólks upp frá grunni í anda sósíalisma. Það eru einungis framleiðendurnir (öreigarnir) sjálfir sem eru færir um þessa endurbyggingu, þau eru eini hópurinn sem skapar gildin í samfélaginu sem getur skapað þessa nýju framtíð.“<sup>41</sup> Hann heldur áfram að vitna í Rucker sem segir að „hin eina, sanna, endanlega og algera frelsun vinnandi fólks sé einungis möguleg að uppfylltu því skilyrði að fjármagn sé afnumið og að öll vinnutæki, land, auðæfi og hráefni sé sett í hendurnar á verkalýðnum.“<sup>42</sup>

Og hvað kemur þá í staðinn fyrir valdatómið sem myndast? Samkvæmt Chomsky og fleiri anarkískum hugsuðum er það skipulagður iðnaður, þ.e. skipulag sem kemur frá framleiðendunum sjálfum. Þetta er skipulag sem miðast að því að uppfylla þarfir borgaranna, samkvæmt anarkískum skilningi, að allir eigi jafnan rétt til lífs, öryggis og heilsu á forsendum síns eigin persónlega frelsis og að algert afnám ríkisvalds sé nauðsynlegt til að ná þessum markmiðum anarkismans.

Slíkar hugmyndir hafa verið prófaðar í samfélögum eins og vikið verður að síðar en spænskur, anarkískur hagfræðingur að nafni Diego Abad de Santillan ritaði skömmu fyrir spænsku byltinguna 1936 að hann kynni þeim þökk fyrir sem gætu bent honum á hvert hlutverk ríkisvalds væri í hagkerfi þar sem einkaeign væri afnumin, afætur horfnar og forréttindi engin. „Það þarf að leysa ríkið upp með hraði, það þolir enga bið. Það verður að vera hlutverk byltingar að leggja ríkið niður, strax.“<sup>43</sup>

Munurinn á anarkistum og marxistum kristallast í þessari tilvitnun sem Engels skrifaði í bréfi 1883: „Anarkistarnir snúa þessu á haus. Þeir segja að bylting öreiganna verði að byrja með því að leysa upp ríkisvaldið. En að eyða því á þeirri stundu þýðir að

---

<sup>41</sup> Rudolf Rucker. *Anarchism and Anarcho-Syndicalism*. London: Secker and Warburg. 1938. 5. kafli.

<sup>42</sup> Rucker, *Anarchism and Anarcho-Syndicalism*, 5. kafli.

<sup>43</sup> Diego Abad de Santillán. *After the Revolution*. New York: Greenberg. 1937. Bls. 86.

eyða eina fyrirbærinu sem hinir sigursælu öreigar geta fest hendur á til að sýna sitt nýfengna vald.“<sup>44</sup>

Hérna sýnir Engels það sem anarkistarnir óttuðust, að ef valdið er ekki tekið í burtu strax, þá verður það áfram eftirsóknarvert. Vald hefur töframátt, líkt og hringurinn eini í *Hringadróttinssögu*, Fróði þurfti að eyðileggja hringinn til að losna undan töfrum hans, alveg eins og anarkistar vilja eyða valdinu til að losna undan kúgun þess.

Þó svo að marxistar og anarkistar hafi að mestu verið sammála um endanleg markmið byltingarinnar, þ.e. afnám ríkisvaldsins, voru þeir Marx og Engel hugsanlega hræddir við anarkisma á sama hátt og flestir hafa óttast anarkisma fyrir og síðar. Hugsunin um að búa í samfélagi án yfirvalds er svo ógnvekjandi að fólk vill frekar búa við alræði flokksins, einveldi eða ófullkomið fulltrúalýðræði heldur en að láta reyna á stjórnskipan sem treystir á samkennd, samábyrgð, samvinnu og bræðralag. Í ljósi mannkynssögunnar er það skiljanlegt, fólk óttast glundroða, það er búið að innprenta okkur að við þurfum sterka leiðtoga sem halda yfir okkur verndarhendi. Þessi forsjarhyggja er auðvitað alger andstaða lýðræðis, og stjórnmalafólk og leiðtogar sem kunna að spila inn á þennan ótta kunna að viðhalda völdum sínum og leiða þjóðir sínar stundum til glötunar og ódæðisverka.

Raunverulegir anarkistar trúa því staðfastlega, með tilvísunum í söguna, að ekkert samfélag sem lýtur valdstjórn sé samfélag byggt á mannlegum gildum, jafnrétti, friði og bræðralagi. Bakunin og fleiri anarkistar sáu ógnina í hinu tímabundna alræði öreiganna samstundis meðan að Marx og flestir aðrir sósíalistar hunsuðu hana.

Anarkistinn Fernand Pelloutier spurði: „Þarf meira að segja hið tímabundna ríki umbreytinganna að verða að fangelsi almennings? Getur það ekki orðið skipulögð, frjáls hreyfing sem hefur einungis málefni framleiðslu og neyslu á höndum sér eftir að allar pólitískar stofnanir eru horfnar?“<sup>45</sup>

Chomsky gerist ekki svo djارفur að ætla að svara þessari spurningu en segir þó að ef ekki sé til einhverskonar jákvætt svar við henni þá sé útlitið ekki gott fyrir raunverulega lýðræðisbyltingu sem muni uppfylla húmanískar hugmyndir anarkismans og sósíalismans um frelsi einstaklingsins og bendir á orð Kants í vörn hans fyrir frönsku byltinguna þar

---

<sup>44</sup> Friedrich Engels. „Engels to Philipp van Patten In New York“. Bréf. Marxists.org.

<sup>45</sup> Fernand Pelloutier. *L'Anarchisme et les syndicats Ouvriers*. Les Temps Nouveaux. 1895. Hér vitnað eftir *The Essential Chomsky*, bls. 95.



sem hann segir að frelsið sjálf sé forsenda þess að frelsi geti vaxið, þroskast og dafnað, frelsi sé ekki einhverskonar verðlaun sem fólki eru veitt eftir að samfélagslegu frelsi er náð.<sup>46</sup>

William Paul var enskur anarkisti og árið 1918 kom út bók eftir hann sem heitir *The State, its Origins and Function*. Þar setur hann m.a. fram eftirfarandi fullyrðingar: „Byltingarkenndur sósíalisti hlýtur að viðurkenna að eignarhald ríkis getur ekki endað með neinu öðru en harðstjórn skriffinna. Við höfum séð að ríki getur ekki rekið iðnað á lýðræðislegan hátt. Iðnaði getur einungis verið lýðræðislega stjórnað ef hann er í eigu verkamannanna sjálfra sem kjósa úr eigin röðum fulltrúa til að reka iðnaðinn.“<sup>47</sup> Hann segir enn fremur: „Sögulega hefur pólitísk ríkisstjórn þýtt að fólki hefur verið stjórnað af stjórnsmálaelítu að ofan. Lýðræðislegur sósíalismi er stjórnun iðnaðarins með þáttöku allra í samfélaginu. Hið fyrra ber með sér efnahagslega og pólitíska kúgun margra; hið síðara mun þýða efnahagslegt frelsi fyrir alla – og þessvegna raunverulegt lýðræði.“<sup>48</sup>

Chomsky tekur þennan texta sem dæmi um að þessar hugmyndir hafi lifað góðu lífi lengi, séu ekki óalgengar og að þeim beri í grófum dráttum saman yfir langt tímabil. Einnig bendir hann á að þessar hugmyndir hafa verið útfærðar í praxis oft en einu sinni og við getum því séð hvernig þær virkuðu, a.m.k. til skamms tíma því flestar þessara tilrauna voru skammlífar, vanalega vegna þess að þær voru stöðvaðar með hervaldi af yfirvaldi sem var svo ógnað að það sá sig nauðbeygt að grípa inn í atburðarásina áður en hún breiddist enn fremur út. Það er jú ekkert ógnvænlegra fyrir stjórnvöld heldur en anarkismi þar sem fyrsta loforð hans er alltaf að leggja stjórnvöld niður.

---

<sup>46</sup> Chomsky, *The Essential Chomsky*, bls. 96.

<sup>47</sup> William Paul. *The State, its Origin and Function*. Glasgow: Socialist Labour Press. 1918. Hér vitnað eftir *The Essential Chomsky*, bls. 100.

<sup>48</sup> Paul, *The State, its Origin and Function*. Hér vitnað eftir *The Essential Chomsky*, bls. 101.

## 11. Beint lýðræði í verki – anarkísk samfélög, samtök og hreyfingar

Þrátt fyrir mikla mótstöðu kapítalismans og kerfisins gegn anarkisma hafa sprottið upp anarkísk samfélög í gegnum tíðina sem lofuðu góðu fyrir framtíðina. Ég hef þegar minnst á spænska anarkismann en dæmin eru fleiri og þar af nokkur í nútímanum. Einnig ætla ég að minnst á ýmis samtök og hreyfingar sem eru rekin á anarkískum grunni, án þess að kenna sig sérstaklega við anarkisma. Tilgangur minn er að sýna að anarkísk hugsun í framkvæmd er vel möguleg í smærri einingum og sýnir okkur að það er ekkert því til fyrirstöðu að láta á það reyna hvort hún virki í stærra samhengi og í framhaldi af því að færa rök fyrir því að anarkísk hugsun sé vel til þess fallin að styðja lýðræðishefðina.

Það hafa verið til þó nokkur anarkísk samfélög í mannkynssögunni þó öll hafi þau varað skammt. Í dag er spennandi hreyfing í gangi í fyrrum Sýrlandi sem ég vík að síðar en fyrst langar mig að minnst á nokkur samfélög sem voru við lýði á 20. öldinni.

Strax eftir úkraínsku byltinguna 1917 spratt upp viðamikið sjálfstjórnarsvæði í Úkraínu sem á bjuggu 7 milljónir manna. Þetta samfélag varði í 3 ár eða frá 1918–1921. Þetta var samfélag byggt á hugmynafraðilegum grunni anarkista og þá sérstaklega skrifum Kropotkins. Þetta voru róstarsamir tímar og ekki leið á löngu þar til Bolsévikar sáu þetta anarkíska sjálfstjórnarsvæði í Úkraínu sem ógn við alræði flokksins og með undirróðri og hervaldi réðu þeir niðurlögum þess. Þetta samfélag varð til með byltingu þar sem her Úkraínu stjórnaði aðgerðum. Nestor Mahknov var leiðtogi þeirra en hann vildi ekki pólitísk völd. Hann leit á sjálfan sig sem ráðgjafa í hernaðar- og öryggismálum. Þegar hermenn höfðu frelsað bæ, sveitarfélag eða borg undan ánauð valdstjórnarinnar dreifðu þeir þessari tilkynningu til íbúanna:

Verkalýður, borg yðar hefur verið hernumin af hinum makhnovíska byltingar- og viðreisnarher. Þessi her lýtur ekki stjórn neins stjórnmalaflokks, valdhafa eða einræðisafla. Þvert á móti leitast hann við að frelsa svæðið frá hverskyns stjórnmalaoöflum, þar á meðal einræðisöflum. Hann berst fyrir frelsi til athafna, frelsi verkalýðsins gegn hverskonar arðráni og yfirráðum. Makhnovíski herinn er ekki fulltrúi neins yfirvalds. Hann mun ekki þvinga neinn mann til að rækja neinar skyldur. Hlutverk hans er einungis að verja frelsi verkalýðsins. Frelsi bænda og frelsi verkalýðsins tilheyrir þeim sjálfum og ber ekki að takmarka með neinum hætti.<sup>49</sup>

---

<sup>49</sup> Vsevolod Eikhenbaum. *The Unknown Revolution, 1917-1921. Book Three. The Struggle For Real Social Revolution*. New York: Libertarian Book Club. 1954-1955. Fengið af Wikipedia. Lausleg þýðing höfundar.

Í tvö ár, frá 1929–1931, var við lýði anarkískt samfélag Kóreumanna í Mansjúríu í Norðaustur-Kína. Þetta samfélag taldi tvær milljónir íbúa og í því var engin einkaeign, engir peningar og allir íbúar höfðu fullkomið frelsi. Samfélaginu var stjórnað með beinu lýðræði, viðskipti voru bundin við vöruskipti og samfélagið virkaði með sameiginlegri dreifingu gæða í takt við marxíska og anarkíska hugmyndafræði.

Bæði japanski og kínverski herinn sóttu að þessu anarkíska samfélagi úr sitthvorri áttinni og komu í veg fyrir frekari framgang þess áður en langt um leið.<sup>50</sup>

Sjálfsstjórnarsvæði Norður- og Austur-Sýrlands byggir á mörgum smærri einingum eða héröðum og telur samtals um 2 milljónir manna. Hugmyndafræðilegur leiðtogi þessarar hreyfingar, Abdullah Öcalan, er fylgismaður kenninga Bookchins um sambandsbyggju og sjálfsstjórnarfrjálshyggju og hann átti í samskiptum við Bookchin í undanfara þessarar samfélagsbyltingar úr fangaklefa sínum<sup>51</sup>. Þetta stríðshrjáða svæði hefur sagt sig úr lögum við Sýrland og tekið upp sína eigin stjórnarskrá. Borgararnir taka ákvarðanir með beinu lýðræði, þar er stundaður frjálshyndur sósíalismi, miðstýrt vald hefur verið afnumið (sögusagnir segja þó að blikur séu á lofti með það að völd séu að safnast á fárra hendur, en það er ekki formlegt enn), jafnrétti allra þjóðarbrotá, trúfrelsi og jafnrétti kynjanna er virt. Þetta er líklega markverðasta samfélagstilraun nútímans þegar kemur að anarkisma.

Saga þessarar tilraunar nær aftur til ársins 2014 þegar fyrsta stjórnarskrá svæðisins var sett fram. Árið 2016 var ný og nógildandi stjórnarskrá sett fram. Það er of langt mál í þessari ritgerð að fara ofan í saumana á þessari lýðræðistilraun en það má heyra hugsun Mills frá 19. öldinni bergmála í þessu skipulagi, sem og kenningar Bookchin og margar anarkískar hugmyndir.

Eitt af því markverðasta við sjálfsstjórnarsvæðið er að samkvæmt stjórnarskránni er skilyrt að það séu jafnmargar konur og karlar í öllum ábyrgðarstöðum innan

---

<sup>50</sup> Hwang Dongyoun. *Anarchism in Korea: independence, transnationalism, and the question of national development, 1919-1984*. Albany: State University Press. 2016. Fengið af Wikipedia.

<sup>51</sup> Öcalan hefur verið í tyrknesku fangelsi samfleytt síðan árið 2009 en hefur skrifað mikið og gefið út bækur úr fangelsisvistinni. Í grein frá 2017 skrifar heimspekingurinn Michael A. Peters að Öcalan sé öðrum framar ábyrgur fyrir því að kenningar Bookchins njóti aukinnar hillu á 21. öldinni. Öcalan hvatti kúrdísku frelishreyfingunni til að lesa og tileinka sér kenningar Bookchin.

stjórnskipulagsins, hún gengur raunar lengra því það er kveðið á um að hver ábyrgðarstaða skulið vera skipuð einum karli og einni konu.<sup>52</sup>

Fleiri dæmi, stór og smá í sniðum, eru til um samfélög sem skipuleggja sig eftir anarkískri fyrirmynd. Samfélag er líka hugtak sem þarf ekki að ná yfir heilu þjóðirnar, landsvæðin eða skipulagningu á öllum þáttum mannlífsins. Allskyns grasrótahreyfingar, mismikið skipulagðar og formfastar eru í grunninn anarkískar og búa kannski yfir einhverjum lærdómsmolum fyrir lýðræðið, og ætla ég að nefna nokkrar slíkar.

AA-samtökin voru stofnuð 1935 og telja í dag um 2 milljónir meðlima í flestum, ef ekki öllum ríkjum heims.<sup>53</sup> Samtökin eru þannig uppbyggð að allt vald kemur frá meðlimum. Hver sem er getur stofnað AA-hóp og sérhver slíkur hópur hefur jafnmikil áhrif og hver annar á ákvarðanatöku innan samtakanna. Á 5 ára fresti er haldin alþjóðleg ráðstefna þar sem rætt er um og kosið um mál sem varða samtökin í heild en þess á milli haga hópar, hverfisráð og landsráð á hverjum stað sínum málum í samræmi við reglur samtakanna sem eru kallaðar erfðavenjur AA-samtakanna. Þessar reglur leggja ofuráherslu á rétt einstaklingsins annars vegar og hagsmuni heildarinnar hins vegar. Sú fyrsta hljómar svona: „Sameiginleg velferð okkar situr í fyrirrúmi. Bati hvers og eins er undir einingu AA-samtakanna kominn.“<sup>54</sup> Þessar reglur eru þó ekki bindandi lög, sérhver hópur hefur frelsi til athafna svo fremi það skaði ekki aðra hópa eða samtökin í heild, hér svífur and Mills aftur yfir vötnum. AA-samtökin eru dæmi um stór, tiltölulega fjölmenn, en fyrst og fremst útbreidd samtök sem eiga ekki í neinum vandræðum með að skipuleggja sig þannig að þau sinni starfi sínu og gefi öllum meðlimum sínum kost á þátttöku í stefnu sinni með lýðræðislegum aðferðum.

Í heimi aktívismans í dag er mikið um anarkískar hugmyndir. David Graeber er mannfræðingur og anarkisti sem kennir við London School of Economics. Hann tekur dæmi af óhefðbundnum mótmælum og hvernig þau geri stjórnvöldum erfitt fyrir að taka á mótmælum því það sé ekki hægt að brjóta þau upp með beinu ofbeldi eins og tíðkast hefur. Dæmin sem hann tekur eru mótmæli sem hindra aðgang eða umferð með ýmsum

---

<sup>52</sup> Helga Tryggvadóttir. „Að lifa og deyja fyrir betri heim.“ Stundin.is. 14. mars 2018.

<sup>53</sup> AA World Services. Fengið af netinu.

<sup>54</sup> AA-samtökin. *AA-bókin: Sagan af því hvernig þúsundir karla og kvenna hafa læknast af alkóhólisma*. Reykjavík: AA-útgáfan. 2008. Bls. 177.

nýstárlegum hætti, t.d. með því að strekkja garn yfir gatnamót þannig að úr verði eins konar kóngulóarvefur og dansviðburðir sem loka götum.<sup>55</sup>

Hann bendir líka á að ofbeldi sé anarkistum fjarlægt í dag, hvað sem áður var (og í raun hefur ofbeldi ekki verið fylgifiskur anarkismans). Í sögulegu samhengi var 20. öldin öld mikilla átaka, ofbeldis og stríða. Allan þann tíma var anarkismi í lágmarki, því anarkisminn er alls ekki vel til þess fallinn að standa í styrjaldarrekstri þar sem hann boðar afnám valds og miðstýringar. En um leið og togstreita stórveldanna minnkaði þá hafa anarkískar hugmyndir farið að láta á sér kræla í auknum mæli.<sup>56</sup>

Enn fremur segir Graeber um framtíðarsýn anarkismans að hlutverk hans sé að endurskapa lýðræðið. Hann sé ekki á móti skipulagi heldur snýst anarkisminn um nýja tegund af skipulagi, að hugmyndafræði hans felist í raun í þessari nýju skipulagningu (hér má merkja áhrif Bookchins). Anarkisminn snýst um að búa til samfélög sem eru skipulögð lárétt en ekki lóðrétt og að losna við miðstýringu og valdastrúktúra. Hann snýst um að endurskapa daglegt líf, frá grunni.<sup>57</sup>

Occupy Wall Street (OWS) er hreyfing sem byrjaði í New York sem mótmæli gegn óréttlæti í kjölfar fjármálahrunsins 2008 og almennum skorti á lýðræði. Þessi mótmæli þróuðust í alþjóðlega hreyfingu sem heldur áfram að mótmæla félagslegu og pólitísku óréttlæti og skorti á lýðræði. OWS notar mótmæli til að koma skoðunum sínum á framfæri en neitar að gera beinar kröfur á stjórnvöld því með því væri OWS að viðurkenna völd þeirra.

Samvinnufélag (e. *cooperative*) er fyrirbæri sem hefur verið til lengi í ýmsum stærðum og gerðum til ýmissa nota. Við þekkjum öll SÍS (Samband íslenskra samvinnufélaga), sem byrjaði kannski með háleitar hugsjónir en var líkast til ekki gott dæmi um réttlátt eða lýðræðislegt samvinnufélag í lokin. Skilgreiningin á samvinnufélagi er að það sé: „Sjálfstætt samband einstaklinga sem af frjálsum vilja sameinast til þess að uppfylla félagslegar, efnahagslegar og menningarlegar þarfir sínar og langanir með því að reka saman, á lýðræðislegan hátt, félag sem er í eigu félaganna sjálfra.“<sup>58</sup>

---

<sup>55</sup> David Graeber. „The New Anarchists.“ *New Left Review*. Janúar/Febrúar 2002.

<sup>56</sup> Graeber, „The New Anarchists.“

<sup>57</sup> Graeber, „The New Anarchists.“

<sup>58</sup> International Co-operative Alliance. Fengið af netinu.

Samvinnufélag getur haft margskonar tilgang og verið af margskonar tagi: Húsfélög, starfsmannasamvinnufélög, neytendasamvinnufélög, verkalýðsfélög, lífeyrissjóðir, samfélagsbankar o.fl. Sum samvinnufélög velta miklum fjárhæðum og eru með þúsundir starfsmanna, önnur velta litlum sem engum fjármunum og eru í raun áhugamannafélög. Nokkur stærstu íþróttafélög heims eru samvinnufélög, t.d. FC Barcelona og Real Madrid á Spáni.<sup>59</sup> Samkvæmt könnun Worldwatch Insititute frá árinu 2012 höfðu rúmlega milljarður manns í 96 löndum verið þáttakendur í a.m.k. einu samvinnufélagi.<sup>60</sup>

Aðrar hreyfingar sem hafa haft mikil áhrif á stjórn mála- og lýðræðisumræðuna undanfarið eru hreyfingar á borð við Black Lives Matter og #MeToo. Þessar hreyfingar hafa skorið upp herör gegn kúgunarvaldi (hvítu fólki í Bandaríkjunum annars vegar og gerendum kynbundins ofbeldis og kynbundinnar áreitni hinsvegar) til þess að benda með áhrifaríkum hætti á, að þrátt fyrir jafnrétti í orði er það ekki á borði og að lýðræðið hefur ekki, þrátt fyrir að hafa lofað því í aldaðir, náð jafnrétti fyrir blökkufólk og konur vegna andstöðu þeirra sem með valdið fara.

Hér er um að ræða beina kúgun á hópum í krafti valds meirihlutans og í krafti valds stofnana lýðræðisins, kerfisins og samfélagsins. Konur eru ekki einu sinni í minnihluta, sem sannar það sem Mill segir um að það geti verið þeir háværustu eða ötulustu sem hafi mest áhrif á lýðræðið.

Þrátt fyrir að íslenski stjórn mála flokkurinn Píratar kenni sig ekki opinberlega við anarkisma eru Píratar með margskonar anarkískar áherslur. Í grunnstefnu Pírata segir m.a. þetta: „Píratar telja að allir hafi óskoraðan rétt til aðkomu að ákvörðunum sem varða eigin málefni, og rétt til vitneskju um það hvernig slíkar ákvarðanir hafi verið teknar.“<sup>61</sup>

Og um beint lýðræði segir þetta: „Píratar telja að draga þurfi úr miðstýringu valds á öllum sviðum og efla þurfi beint lýðræði í þeim formum sem bjóðast.“<sup>62</sup>

---

<sup>59</sup> Þessi félög eru klárlega ekki rekin með jöfnuð allra félagsmanna eða starfsmanna að leiðarljósi og hafa miklu frekar ásýnd kapitalískra fyrirtækja heldur en anarkískra félagsamtaka. En það er ákveðin lýðræðishefð sem þróast innan slíkra fyrirtækja sem er athyglisverð í samhengi þessarrar ritgerðar.

<sup>60</sup> Cooperative Development Institute. Fengið af netinu.

<sup>61</sup> Píratar. „Grunnstefna Pírata.“ Fengið af netinu.

<sup>62</sup> Píratar. „Grunnstefna Pírata.“ Fengið af netinu.

Með tilkomu netsins hafa raddir um beina þáttöku lýðræðis á þeim vettvangi heyrst. Netíð hefur spilað stórt hlutverk í lýðræðisbyltingum t.d. í Egyptalandi, og í áðurnefndum #MeToo og Black Lives Matter hreyfingum. En netíð er auðvitað víðsjárvert og veikt fyrir spillingar og undirróðursöflum eins og sést hefur í kosningum undanfarið, bæði hér á landi í undanfara alþingiskosninganna 2017<sup>63</sup> og eins og frægt er orðið, áhrif Cambridge Analytica á forsetakosningarnar í Bandaríkjunum 2016.

En kannski felur framtíðin í sér, með auknu öryggi og betri ferlum á netinu, að við eigum eftir að kjósa um fjölmörg mál, jafnvel vikulega, í gegnum netíð. Það verði jafn sjálfsagt og að lesa fréttirnar eða skoða Facebook-streymið okkar að opna „beina lýðræðis“-aðganginn okkar og kjósa um þau mál sem eru í gangi í nær- og fjærumhverfi okkar. Hversvegna ekki?

Öll þessi dæmi sýna með einum eða öðrum hætti að lýðræðishefðin innan anarkisma og anarkískra tilburða er raunveruleg, lifandi og virk. Það virðist líka sem anarkisminn sé að breytast frá því að vera „allt eða ekkert“-sýn um fyrirmyndarsamfélagið sem skuli koma á með góðu eða illu í einni svipan yfir í raunhæfari nálgun, að einbeita sér að því sem hægt er að breyta í nærumhverfinu og láta það síðan hafa áhrif á stærri myndina. Með því að sýna fram á lýðræði í verki með mótmælum og öðrum aðgerðum, og með því að kynna hugmyndir um beint lýðræði innan ríkisstjórna, þjóðþinga og í allskyns félags- og almannahagsmunastarfssemi eru anarkistar kannski smátt og smátt að sýna okkur að lýðræðið getur lært ýmislegt af anarkismanum.

---

<sup>63</sup> Hér ber sennilega hæst undirróður gegn Vinstri Grænum í aðdraganda Alþingiskosninganna 2017. Samtökin „Kosningar!“ sem kenndu sig ekki opinberlega við neinn stjórnálflokk dreifðu hræðsluáróðri gegn Vinstri Grænum með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðlum sem talið er að hafi náð til mjög stórs hluta kjósenda.

## 12. Niðurlag

Ég held að það sé ljóst að anarkisminn á langt í land til þess að fólk almennt samþykki hann í einu veffangi sem nýja samfélagsgerð. Til þess eru, í fyrsta lagi, tæki kapitalismans og ítök hans í samfélaginu of sterk, og varfærni, þjóðernishyggja eða íhaldssemi fólks gagnvart skyndilegum samfélagsbreytingum of mikil.<sup>64</sup> Það sem er merkilegt við dæmin þar sem anarkísk hugmyndafræði er að störfum er að það gerist í aðstæðum sem hafa þröngt og afmarkað svið. Frá öreigum til alkóhólista til stríðshrjáðra svæða og fórnarlamba kynbundins ofbeldis. Kannski þarf sterka samkennd og einföld, sameiginleg markmið til þess að anarkískar hugmyndir gangi upp. Þarf e.t.v. hamfarir af áður óþekktri stærðargráðu, eins og hnattræn hlýnun gæti haft í för með sér, til þess að fólk standi saman og krefjist beins lýðræðis sem hefur skjót og afgerandi áhrif á daglegt líf okkar?

Það sem eftir situr hjá mér að lokinni þessari rannsókn er að anarkisminn almennt, og sér í lagi eins og Bookchin lýsir honum, býður okkur upp á ýmsar raunhæfar leiðir til að draga úr miðstýringu valds. Í sjálfstjórnarfrjálshyggju Bookchins felst að borgarar ættu að stofna til hverfisráða og annarra ráða sem lúta að skipulagningu nærumhverfis síns. Þegar slíkum ráðum hefur verið komið af stað er hægt að þrýsta á stjórnvöld á viðkomandi stað, hvort sem það eru bæjarstjórnir eða ríkisstjórnir, að leyfa íbúunum að taka við skipulagningu og stjórnun á viðkomandi þáttum, hvort sem um er að ræða skólamál, skipulagsmál, samgöngumál eða eitthvað annað. Þannig er hægt að færa beint lýðræði út í samfélagið, til fólksins, draga úr miðstýringu, minnka spillingu, auka jöfnuð og auka lýðræðið. Ef svona tilraunir ganga vel þá eru komin fordæmi fyrir því að auka beina lýðræðisþáttöku enn frekar.

Dæmið frá fyrrum Sýrlandi gæti líka verið hvatning fyrir fólk um víða veröld að tileinka sér beint lýðræði. Þó það væri ekki annað en að hafa alltaf bæði karl og konu í ábyrgðarstöðum. Þetta er heiðarlegt og áhrifaríkt dæmi um lýðræði sem stígur raunveruleg skref til þess að veita öllum jafna þáttöku í lýðræðislegri ákvarðanatöku. Kynjakvótar eru vissulega þekkt fyrirbæri og hafa haft mikil og góð áhrif en þetta er byltingarkennd hugmynd sem er afar einföld og auðveld í framkvæmd, ef viljinn til að beita henni er fyrir hendi.

---

<sup>64</sup> Stjórn málafræðingurinn Benjamin Ask Popp-Madsen bendir á í ritdómi um endurútgáfu á ritgerðasafni Bookchins *The Next Revolution: Popular Assemblies and the Promise of Direct Democracy*, frá 2017 að Bookchin bjóði einmitt upp á raunhæfar og heildstæðar lausnir sem andsvar við kapitalisma, ríkisvaldi og þjóðernishyggju með því að búa til mótvægi við ríkisvaldið sem kemur frá borgurunum sjálfum, líkt og sjálfstjórnarfrjálshyggja Bookchins boðar.



Annað skemmtilegt dæmi um breytta stjórnskipan er að hafa hluta fulltrúa á þingi, bæjarstjórnnum eða jafnvel í stjórnnum samfélagsstofnana (í eigu ríkis eða bæja) skipaða af handahófi, eins og í þenska lýðræðinu. Þannig væru sett fordæmi fyrir því að hinn almenni borgari hefði bein áhrif, raunverulegir fulltrúar fólksins hefðu atkvæðisrétt inni á löggjafasamkomum og í stjórnnum stofnana.

Borgarafundir eru einfalt dæmi um hvernig hægt er að gera lýðræðið virkara án þess að leggja í stórkostlegar breytingar á stjórnmalakerfinu. Ef kjörnir fulltrúar stæðu reglulega fyrir fundum með fólkinu sem þeir eru fulltrúar fyrir og sæktu þangað umboð til að taka ákvarðanir í einstökum málum væri stórt skref stigið til að vinna á móti áhrifum sérhagsmuna í löggjafarsamkundum.

Raddirnar um breytingar á stjórnarháttum eru að verða háværarri. Nú eru skólabörn farin að standa fyrir kröfugöngum til að krefjast aðgerða til að tryggja að það verði til byggilegur heimur fyrir þau og börnin þeirra. Eins og ég hef minnst á áður heldur Bookchin því fram að það sé ekki mögulegt að kapítalisminn verndi náttúruna. Það er einfaldlega ekki í eðli hans.

Róttækar breytingar þarf til og þó svo að kenningar Bookchins og fleiri anarkista virðist óárennilegar eða óframkvæmanlegar þá er aldrei að vita nema að við stöndum fljótlega frammi fyrir afarkostum þeim er ég hef nefnt áður, þ.e. milli anarkisma eða tortímingar.<sup>65</sup>

Mér þykir viðeigandi að ljúka þessari ritgerð með þessum orðum Bookchins sem eru tímalaus en eiga hugsanlega meira og meira við með hverjum deginum sem líður:

Ef við tökumst ekki á við hið ómögulega þurfum við að horfast í augu við hið óhugsanlega.<sup>66</sup>

---

<sup>65</sup> Í ritdómi frá 1999 um *Considering the Third Revolution: Popular Movements in the Revolutionary Era* skrifar heimspekingurinn J. Frank Harrison að þrátt fyrir allt líti Bookchin svo á að byltingar hafi aldrei, og muni aldrei, spretta uppúr vitsmunalegum æfingum borgarastéttarinnar. Byltingar koma alltaf frá fólkinu, frá verkalyðnum, þeim sem eru undirokaðir og hvers lífi, eða lífsviðurværi er að óbreyttu ógnað.

<sup>66</sup> Murray Bookchin. *The Ecology of Freedom: The Emergence and Dissolution of Hierarchy*. London: Cheshire Books. 2005. Bls. 107. Lausleg þýðing höfundar.

### 13. Heimildaskrá

AA-samtökin. *AA-bókin: Sagan af því hvernig þúsundir karla og kvenna hafa læknast af alkóhólisma*. Reykjavík: AA-útgáfan. 2008.

AA World Services. [https://www.aa.org/pages/en\\_US/aa-around-the-world](https://www.aa.org/pages/en_US/aa-around-the-world) – Skoðað 1. apríl 2019.

Bookchin, Murray. *Post-Scarcity Anarchism*. Montréal: Black Rose Books. 1986.

Bookchin, Murray. *The Ecology of Freedom: The Emergence and Dissolution of Hierarchy*. London: Cheshire Books. 2005.

Bookchin, Murray. „Radicalizing Democracy.“ Viðtal. *Kick it Over Magazine*. 1985. [http://dwardmac.pitzer.edu/Anarchist\\_Archives/bookchin/raddemocracy.html](http://dwardmac.pitzer.edu/Anarchist_Archives/bookchin/raddemocracy.html) – Skoðað 1. apríl 2019.

Bookchin, Murray. *The Next Revolution: Popular assemblies and the promise of direct democracy*. London: Verso Press. 2015.

Carden, James. „A New Poll Shows the Public is Overwhelmingly Opposed to Endless US Military Interventions.“ *Thenation.com* 8. janúar 2018. <https://www.thenation.com/article/new-poll-shows-public-overwhelmingly-opposed-to-endless-us-military-interventions/> – Skoðað 1. apríl 2019.

Chomsky, Noam. „Neoliberalism is Destroying Democracy.“ Viðtal. *Thenation.com* 2017. <https://www.thenation.com/article/noam-chomsky-neoliberalism-destroying-democracy/> – Skoðað 1. apríl 2019.

Chomsky, Noam. *The Essential Chomsky*. Edited by Anthony Arno. New York: The New Press. 2008.

Chomsky, Noam. „The State-Corporate Complex: A Threat to Freedom and Survival.“ Fyrirlestur við Háskólann í Toronto 7. apríl 2011. <https://chomsky.info/20110407-2/> – Skoðað 1. apríl 2019.

Chomsky, Noam. „The U.S. behaves nothing like a democracy.“ Fyrirlestur við DW Global Media Forum, Bonn. *Salon.com* 17. ágúst 2013. <https://www.salon.com/2013/08/17> – Skoðað 1. apríl 2019.

Cooperative Development Institute. <http://cdi.coop/new-report-highlights-role-of-cooperatives-worldwide/> – Skoðað 1. apríl 2019.

Dongyoun, Hwang (2016). *Anarchism in Korea: independence, transnationalism, and the question of national development, 1919-1984*. Albany: State University of New York Press. 2016.

Eikhenbaum, Vsevolod. *The Unknown Revolution, 1917 - 1921. Book Three. The Struggle For Real Social Revolution*. New York: Libertarian Book Club. 1954-1955.

Engels, Friedrich. *Engels to Philipp van Patten In New York*. Bréf. International Publishers. 1968. [https://www.marxists.org/archive/marx/works/1883/letters/83\\_04\\_18.htm](https://www.marxists.org/archive/marx/works/1883/letters/83_04_18.htm) – Skoðað 1. apríl 2019.

Graeber, David. „The New Anarchists.“ *New Left Review*. Janúar/Febrúar 2002.

Harris, William Vernon. *War and Imperialism in Republican Rome, 327–70 B.C.* Oxford, Oxford University Press. 1979.

Helga Tryggvadóttir. „Að lifa og deyja fyrir betri heim.“ Stundin.is. 14. mars 2018 <https://stundin.is/blogg/helga-tryggvadottir/a-lifa-og-deyja-fyrir-betri-heimHATCF/> – Skoðað 1. apríl 2019

International Co-operative Alliance. <https://www.ica.coop/en/cooperatives/cooperative-identity> – Skoðað 1. apríl 2019.

Mill, John Stuart. *Frelsið*. Þýð. Jón Hnefill Aðalsteinsson og Þorsteinn Gylfason. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 2009. Bls 39.

Paul, William. *The State, its Origin and Function*. Glasgow: Socialist Labour Press. 1918.

Pelloutier, Fernand. *L'Anarchisme et les syndicats Ouvriers*. Les Temps Nouveaux. 1895.

Peters, Michael A. „Ecopolitical Philosophy, Education and Grassroots Democracy: The “Return” of Murray Bookchin (and John Dewey?)“. *Geopolitics, History and International Relations*, 9. árgangur, 2. tölublað. Bls. 7-14. 2017.

Píratar. *Grunnstefna Pírata*. Fengið af netinu: <https://piratar.is/stefna/grunnstefna/> – Skoðað 1. apríl 2019.

Popp-Madsen, Benjamin Ask. „The Next Revolution: Popular Assemblies and the Promise of Direct Democracy“. *Ritdómur*. London: Contemporary Political Theory, 16. árgangur, 3. tölublað. Bls. 274-277. 2017

Proudhon, Pierre-Joseph. *What is Property?* Princeton: Benj. R. Tucker. 1876.

Rocker, Rudolf. *Nationalism and Culture*. Montréal: Black Rose Books. 1997.

Rocker, Rudolf. *Anarchism and Anarcho-Syndicalism*. London: Secker and Warburg. 1938.

Rousseau, Jean-Jacques. *Samfélagssáttmálinn*. Þýð. Björn Þorsteinsson og Már Jónsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 2004.

Santillán, Diego Abad de. *After the Revolution*. New York: Greenberg. 1937.

Thorley, John. *Athenian Democracy*. London: Routledge. 1996.

Woodcock, George. *Anarchism*. Cleveland: The World Publishing Company. 1962.